

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um könnun á líðan barna á biðlista eftir fagþjónustu skólaþjónustunnar**

Á fundi borgarráðs, 3. mars 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Á biðlista eftir fagþjónustu hjá Skólaþjónustunni eru 1804 börn og yfir 1000 börn þar af bíða eftir sálfræðiaðstoð. Sum börn hafa beðið mánuðum saman og jafnvel lengur. Rannsóknir og skýrslur sýna að vanlíðan barna fer vaxandi. Það er mikið áhyggjuefni. Rannsóknir hafa einnig ítrekað sýnt að vandi barna, sem fá ekki viðhlítandi sálfræði- og geðlæknaþjónustu, er líklegur til að vaxa. Barn, sem þarf að bíða lengi eftir nauðsynlegri þjónustu vegna andlegrar vanlíðunar er í mun meiri áhættu á að grípa til örþrifaráða eins og sjálfsskaða og sjálfsvígshugsana. Á meðan á langri bið stendur getur mál sem flokkað er að „þoli bið“ orðið að bráðamáli. Fullvíst er að þegar mál er orðið að bráðamáli hefur vandinn átt sér aðdraganda og fengið að krauma á meðan á bið eftir þjónustu stendur. Bið getur kostað líf og því miður hefur það jafnvel raungerst. Fulltrúi Flokks fólksins óskar því eftir upplýsingum um það hvort rætt hafi verið við þau börn og foreldra þeirra sem bíða eftir fagþjónustu Skólaþjónustu og kannað hvernig þau eru að höndla biðina? Ef svo er ekki, hyggst Reykjavíkurborg ráðast í slíka könnun?*

#### **Svar:**

Í byrjun árs 2022 var gerð breyting á skóla- og frístundaþjónustu í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið standa saman að verkefninu Betri borg fyrir börn (BBB) í Miðstöðvum í öllum fjórum borgarhlutunum. Undir skóla- og frístundasvið heyrir skóla- og frístundaþjónusta og undir velferðarsvið heyrir deildin börn og fjölskyldur. Sálfræðingar starfa í deildinni börn og fjölskyldur.

Út frá hefðbundnu vinnulagi BBB er gert ráð fyrir að samtal um stöðu mála hafi farið fram við foreldra. Bæði hefur átt sér stað umræða í nemendaverndarráðum grunnskólanna og samráðum leikskóla áður eða samhliða því að erindi berst miðstöðvum. Forathugun tilvísana gerir einnig kröfu um rýningu máls samhliða samtali við foreldra og barn um ákvarðanir vegna næstu skrefa. Samtal um það hvort mál þurfi til dæmis að fara í frumgreiningu eða ekki. Í framhaldi af rýningu máls er metið hvort um forgangsmál sé að ræða og hvaða aðra þjónustu er mögulega hægt að bjóða á biðtíma, t.d. námskeið um uppeldi eða tilfinningastjórnun.

Biðlistar eftir þjónustu fagaðila úr miðstöðvum borgarinnar hafa í gegnum tíðina verið vaxandi. Til stendur að senda út könnun fyrir lok þessa skólaárs til foreldra sem fengið hafa ráðgjöf frá miðstöð og einnig foreldra sem eiga börn á biðlista og verður þar spurt um stöðu barnanna á biðtíma.

Svarið var unnið í samráði við velferðarsvið.